

Nd.

95. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. júní 1923. [Ritsíma- og talsímakerfi].

Flutningsmaður: Ásgeir Ásgeirsson.

Aftan við lagagreinina bætist:

Lína frá Mýrum að Núpi í Dýrafirði.

Lína frá Holti í Önundarfirði í Valbjófsdal út á Ingjaldssand.

Greinargerð.

Það er nauðsyn vegna Núpsskólans að leggja þangað símalínu frá Mýrum. Vegalengdin er um 5 km. Valbjófsdalur og Ingjaldssandur eru mjög afskektir og oftlega illfært til annara bygðarlaga, einkum frá Ingjaldssandi. Væri mikil bót að síma vegna læknisvitjana o. fl., enda er þetta eina samgöngubótin, sem hægt er að veita þessum afskektu dölum. Vegalengdin frá Holti á Ingjaldssand mun vera nálægt 15 km.

Kostnaðarhliðina þarf ekki að ræða í þessu sambandi, þar sem ekki kemur til framkvæmda án sjerstakra fjárveitinga í fjárlögum.